

Alþingi
Erindi nr. P 138/1340
komudagur 22. 3. 2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, með síðari breytingum og ýmsum öðrum lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.

Samtök atvinnulífsins (SA) sendu nefndinni umsögn um frumvarpið þann 19. janúar sl. SA vilja koma á framfæri viðbótar athugasemd við 4. gr. frv. þar sem fjallað er um breytingar á 8. gr. laganna sem fjallar um færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Í því sambandi vilja SA minna á umsögn samtakanna 11.12. 2008 um frv. til breytinga á umræddri grein sömu laga þar sem lagt var til að greinin orðaðist þannig að hún samræmdist Alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IAS 21).

SA hafa áhyggjur af því að breytingin á 8. grein þrengi heimildir til færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Skv. frumvarpinu er lagt til að hún orðist svo: „Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins. Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna. Þá skal einnig litið til þeirra gjaldmiðla sem mestu varða við fjármögnun félagsins og varðveislu fjármuna þess.“

Í greinargerð er staðhæft að ekki sé um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu en að í ljósi reynslu sem komin sé á veitingu þessarar heimildar sé lagt til að ákvæðið verði gert skýrara. Lagt er því til að upptalning fjögurra tölulíða í 8. gr. nógildandi laga verði felld brott en í staðinn komi nánari skilgreining á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðlega reikningsskilastáðalsins nr. 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla.

SA telja að breytingar á 8. gr. geri hana ekki skýrari. Reglur staðalsins kveða á um að fyrirtæki sem fylgja honum skuli meta hvaða gjaldmiðill hafi mest áhrif á söluverð vöru eða þjónustu eða hvaða gjaldmiðill hafi mest áhrif á launakostnað, efniskostnað og annan kostnað við starfsemina. Staðallinn tiltekur því þann gjaldmiðil sem hefur annað hvort mest áhrif á tekjur eða gjöld en frumvarpið tiltekur þann gjaldmiðil sem hefur mest áhrif á tekjur og gjöld. Það skiptir máli hvort átt er við annað skilyrðið eða bæði. SA telja eðlilegra, til þess að taka af öll tvímæli um túlkun þessa ákvæðis, að í stað lauslegrar þýðingar og endursagnar á efnisatriðum staðalsins, sé vitnað beint í hann.

Sem dæmi um óvissu um túlkun 8. gr. þá má taka fyrirtæki í ferðaþjónustu sem skiptir að mestu við erlenda ferðamenn, verðleggur þjónustu sína í erlendri mynt og er með skuldir að mestu í erlendum gjaldmiðlum. Það er ekki ljóst af ákvæði frumvarpsins hvort fyrirtækið fengi heimild hjá ársreikningaskrá en samkvæmt staðlinum er það alveg skýrt.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Í öðru lagi gengur staðallinn út frá því að fyrirtækin sem fylgja staðlinum ákveði sjálf hvaða gjaldmiðli ársreikningar séu færðir á grundvelli þeirra krafna sem þar eru gerðar. Á þeim grundvelli er óeðlilegt að það sé lagt í vald ársreikningaskrár að ákveða fyrir þau hvað sé þeim fyrir bestu. Öðru máli gildir um fyrirtæki sem ekki fylgja staðlinum, eðlilegt er að þau þurfi að fá heimild ársreikningaskrár.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri